

10. fundur hreppsnefndar Árneshrepps

Fundurinn er haldinn á skrifstofu Árneshrepps fimmtudaginn 2. júlí og hófst kl 16.

Mætt til fundar: Sigrún Sverrisdóttir, Arinbjörn Bernharðsson, Kristjana María Ásbjörnsdóttir, Róbert Ingólfsson og Þorgerður Lilja Björnsdóttir.

Sigrún oddviti stýrir fundi, Þorgerður ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Tilnefna fulltrúa á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga
2. Opnunartími á skrifstofu
3. Ráðning starfsmanns
4. Kjósa í Öldungaráð - samkvæmt beiðni frá LEB
5. Velferðarnefnd Ísafjarðar, kosning fulltrúa í fulltrúaráð og notendaráð.
6. Samþykkja reglur um NPA þjónustu og stuðning við börn og fjölskyldur
7. Rotþróarhreinsun
8. Lausaganga búfjár í Árneshreppi
9. Siðareglur sveitarfélagsins
10. Skipa verkefnastjórn aðalskipulags
11. Önnur mál

1. Tilnefna fulltrúa á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fer fram á Akureyri 23.-25.september.

Sigrún Sverrisdóttir oddviti verður aðalfulltrúi og Þorgerður Lilja Björnsdóttir verður til vara. Tilnefning samþykkt samhljóða.

2. Opnunartími á skrifstofu

Rætt um breytingar á opnunartíma skrifstofu og hafa þá tvo daga í viku til reynslu, þriðjudaga og miðvikudaga, 13-17. Þorgerður verður oftast á skrifstofunni og einfalt að kíkja við og einnig hægt að bóka tíma ef það hentar betur. Ekki var eining um þessa breytingu og

athugasemdir komu fram. Ákveðið var að prófa þetta framyfir verslunarmannahelgi og endurskoðað á fyrsta fundi í ágúst.

3. Ráðning starfsmanns

Davíð mór Bjarnason kemur inn sem varamaður undir þessum lið og Þorgerður Lilja Björnsdóttir vísar af fundi.

Samþykkt er að ráða Þorgerði Lilju Björnsdóttir sem sveitarstjóra til eins árs. Þorgerður verður ráðin í 60% starfshlutfall. Heildarlaun hennar sem sveitastjóri verða 650.396 kr. á mánuði. Laun fyrir störf við stjórnslu hreppsins hækka töluvert við ákvörðun þessa frá því sem áður hefur verið. Telur meirihluti hreppssnefndar að hér sé um nauðsynlega leiðréttingu sé að ræða.

4. Kosning í Öldungaráð - samkvæmt beiðni frá LEB

Landsamband eldri borgara hvetur til þess að í öllum sveitarfélögum sé starfandi öldungaráð. Ráðið er t.d. kallað til þegar rætt er um málefni eldri borgara á fundum sveitarstjórnar. Rætt var um tilnefningar og oddvita og sveitarstjóra falið að ræða við aðila og láta sveitarstjórn vita. Málið afgreitt og samþykkt.

5. Velferðarnefnd Ísafjarðar og kosning fulltrúa í fulltrúaráð og notendaráð.

Hér þarf einungis að tilnefna í fulltrúaráð því notendaráð er sameiginlegt með Ströndum og Reykhólum. Þorgerður verður aðalfulltrúi og Sigrún varafulltrúi. Þær verða sömuleiðis fulltrúar í Velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar.

Samþykkt samhljóða.

6. Samkvæmt beiðni frá Velferðarsviði Ísafjarðarbæjar var tekin fyrir samþykkt á reglum um NPA þjónustu annars vegar og stuðning við börn og fjölskyldur hinsvegar

Reglur voru samþykktar samhljóða.

7. Rotþróarhreinsun

Rætt var um aukinn kostnað og hvort nóg væri að fá þjónustuaðila til að koma á þriggja ára fresti. Mikil þörf er á að finna urðunarstað innan sveitar til að spara akstur. Málið verður unnið áfram á skrifstofu hreppsins.

8. Lausaganga búfjár í Árneshreppi

Hreppssnefnd barst bréf varðandi lausagöngu búfjár í hreppnum. Oddviti ræðir við lögfræðing um þessi mál og svarar fyrirspurn í samráði við sveitarstjórn.

9. Siðareglur sveitarfélagsins

Voru ræddar og verða afgreiddar á næsta fundi eftir yfirllestur.

10. Skipa verkefnastjórn aðalskipulags.

Tillaga um Arnþór Halldórsson ásamt Sigrúnu Sverrisdóttur og Arinbjörn Bernharðsson en þau eru öll meðlimir skipulags-bygginga og framkvæmdanefndar. Samþykkt samhljóða.

11. Innkaup

Rætt var um innkaup fyrir hreppinn og hluti sem þarf að endurnýja á kaffihúsinu.

Fundi slitið kl 18.15